

Hönnun og smíði 1. bekkur 2020 - 2021

Kennarar: Ingibjörg Ó. Þorvaldsdóttir

| 1

Lýsing

Í smíði er miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra. Lögð er áhersla á að nemendur læri rétt vinnubrögð og rétta umgengni við vinnusvæði og verkfæri, þekki nöfn handverk-færanna sem notuð eru.

Kynning á námsgreininni

Nám og viðfangsefni er í grunninn einstaklingsmiðað og byggist fyrst og fremst á virkni í tímum. Verkefni eru ýmis konar naglaverkefni, útsögunarverkefni ofl. Reynt er að hafa efnisvalið fjölbreytt og nota ýmis konar efnivið úr umhverfinu. Einnig er hugað að endurnýtingu því oft er hægt að nota gamlan efnivið til að smíða falleg listaverk.

Kennsluáætlun

Lotan stendur í um 7 vikur eða 14 skipti. Kennt er tvisvar í viku.

Kennsluaðferðir

Nemendur þroska fínhreyfingar, sjálfstæða hugsun og læra að fara í gegnum vinnuferli, þeir hanni eins og unnt er verkefni sín sjálfir og geti lýst munnlega notagildi og virkni hlutar sem þeir vinna að.

Hlutverk og vinnulag nemendans

Að nemandinn

- þekki nöfn einfaldra verkfæra
- geti notað hamar, útsögunarsög og sandpappír á réttan hátt
- geti tekið til verkfæri og gengið frá þeim aftur á réttan stað
- þekki ýmis plötuefni, s.s. krossvið, spónaplötur og MDF-efni
- geti smíðað hlut eftir eigin teikningum
- geti notað lím og nagla til samsetninga
- endurnýtt endurnýtanleg efni
- farið eftir og virt settar reglur í smíðastofunni

Námsmat

Námsmat miðast við hæfniviðmið greinarinnar og nemendur fá hæfnimat í lok lotunnar.

Sel - hönnun og smíði 1. bekkur

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Dreigið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.

Sel - hönnun og smíði 1. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.

Sel - hönnun og smíði 1. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið mjög vel með öðrum í hóp.
- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum.

Sel - hönnun og smíði 1. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Af öryggi metið námið og lært af mistökum.
- Lagt sig fram við námið af alúð og nýtt tímann mjög vel.